

Mál nr. 468/2021**M og
V vegna Ábyrgðartryggingar ökutækisins A****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

Málskot móttakið 22. desember 2021, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 15. febrúar 2022.

Bréf lögmanns M, dags. 22. febrúar 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð þegar bifreið A var ekið aftan á kyrrstæða bifreið M á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar hinn 8. desember 2019. Í tjónstilkynningu sem er dagsett þann dag kemur fram að M hafi kennt til í hálsi „...*en sennilega í lagi*“. V hafnaði greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hinn 4. janúar 2021.

M telur sýnt að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni á hægri öxl í árekstrinum þar sem hann hentist til við hann. Í málskoti er haft eftir M að hann hafi leitað til læknis vegna þessa fljótlega eftir áramótin 2019-2020 en ekki hafi verið ritað um það í sjúkraskrá hans. M kveðst síðan hafa átt erfitt með að fá tíma hjá lækni á árinu 2020 vegna covid-19 ástands á heilbrigðisstofnunum. M kveðst ekki hafa fengið tíma hjá heimilislækni sínum fyrr en 1. september 2020 og farið í myndatöku í kjölfarið þar sem komið hafi í ljós að vöðvi hafi slitnað sem ekki sé hægt að laga og hafi ástandið leitt til þess að M hafi þurft að láta af störfum. Einnig bendir M á að það munatjón sem bætt var vegna tjóns á bifreið hans sé ekki til þess falið að endurspeglar líkamstjónið, en bifreið hans hafi ekki verið nýleg og bætur taki mið af því. Einnig bendir M á að hann hafi verið heilsuhraustur hvað stoðkerfi varðar fyrir áreksturinn og því séu orsakatengsl milli hans og einkenna í hægri öxl, enda hafi heimilislæknir hans vottað það.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ekki sannað að orsakatengsl séu milli árekstursins 8. desember 2019 og þeirra einkenna sem M hefur í hægri öxl. V bendir á að M hafi leitað til læknis 12. desember 2019, 25. og 29. janúar 2020, 27. febrúar 2020, 5. maí 2020 og 1. september 2020. M hafi fyrst nefnt einkenni frá öxl í síðustu komu 1. september 2020 en ekki nefnt áreksturinn sérstaklega vegna þess. Það hafi því liðið níu mánuðir frá slysi þar til M hafi leitað til læknis vegna einkenna í öxl og verði þau ekki tengd við áreksturinn. Einnig er vísað til þess að högg á bifreið M hafi verið minniháttar og ekki greidd há fjárhæð vegna munatjónsins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að ekið var aftan á bifreið M þar sem hann var kyrrstæður í bifreið sinni á gatnamótum. Læknisvottorð dags. 13. október 2020 er fyrsta gagnið sem tengir saman einkenni frá öxl M og áreksturinn sem varð 8. desember 2019. Í þeim fimm læknisheimsóknunum sem M átti eftir áreksturinn allt fram til 1. september 2020 finnast engar upplýsingar í sjúkraskrá um einkenni frá öxl. Það var ekki fyrr en 1. september 2020 sem slíkar upplýsingar koma fram og þó án tengsla við fyrirnefndan árekstur. Verður því ekki séð að læknisfræðileg gögn eða önnur gögn í málinu styðji það að orsakatengsl séu milli árekstursins og einkenna M í hægri öxl. Ekki liggur fyrir nokkurs konar mat frá sérfræðingi þar sem orsakatengsl eru sérstaklega rökstudd og verður læknisvottorð bæklunarlæknis dags. 13. október 2020 ekki túlkað með þeim hætti. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að M hafi sannað orsakatengsl milli einkenna í öxl og áreksturs 8. desember 2019. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M og telst hann því ekki eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 15. mars 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir